

Ytri mörk hafnasvæða og fleira frá Innviðaráðuneyti.

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar 11/03/2022

GMK

Póstur frá Innviðaráðuneyti:

Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 59/2022, „Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003“. Umsagnarfrestur er til og með 22.03.2022. Umsagnir verða birtar í gáttinni jafnóðum og þær berast. Athugið að ekki er hægt að breyta umsögnum eftir að þær hafa verið sendar inn.

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Greinargerð um málið frá Innviðaráðuneyti:

Með frumvarpi þessu verða í fyrsta lagðar til lagabreytingar til innleiðingar á ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/352 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir. Reglugerðin nær til hafna sem eru hluti af samevrópska flutninganetinu. Breytingar þessar snúa m.a. að setja ákvæði um það þegar annar aðila en höfn býður upp á þjónustu í höfnum, möguleika hafnar eða lögbærs yfirvalds til að gera lágmarkskröfur til utanaðkomandi aðila til að bjóða upp á þjónustu við skip eða heimildir til að takmarka fjölda þeirra sem bjóða upp á þessa þjónustu og að hafnarstjórn ráðfæri sig við notendur hafna við álagningu gjalda. Þá verður lögð til heimild fyrir hafnir til að horfa til umhverfissjónarmiða við gjaldtöku. Mun sú heimild ná til allra hafna hér á landi.

Í öðru lagi er lagt til ákvæði um gjaldtöku hafna vegna fiskeldisstarfsemi. Er lagagrundvöllur slíkrar gjaldtöku talinn óskýr samkvæmt gildandi lögum. Hefur gjaldtakan grundvallast á e-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga um aflagjöld og hefur framkvæmd við gjaldtöku verið mismundandi eftir sveitarfélögum.

Í þriðja lagi er lagt til ákvæði um viðmið sem horfa skuli til við afmörkun hafnasvæða á sjó samkvæmt hafnarreglugerðum. Er í ákvæðinu vísað til landfræðilegra þátta sem og lóðspunkta eða annarra þátta sem tengjast starfsemi hafna.

Í fjórða lagi er lagt til ákvæði um rafræna vöktun í höfnum. Er talin þörf á ákvæði þessa efnis til að vinnsla persónuupplýsinga byggist á viðhlítandi lagastoð en ekki er að finna ákvæði þessa efnis í hafnalögum.

Í fimmta lagi verður lögð til breyting á 27. gr. hafnalaga um stjórnsýslukæru þannig að gjaldskrárákvarðanir verði kærnanlegar til Samgöngustofu.

Í sjötta lagi eru lögð til ákvæði um hafnsögu. Eru lagt til að þessi ákvæði færist úr III. kafli laga um vakstöð siglinga, nr. 41/2003. Þá er lögð til breytingu á lögum nr. 41/2003 þannig að ákvæði um hafnsögu falli brott úr þeim lögum.

Loks eru í sjöunda lagi lagðar til breytingar á verkaskiptingu Samgöngustofu og Vegagerðarinnar á sviði hafnamála, m.a. er lýtur að eftirliti með hönnun og byggingu hafnarmannvirkja, sbr. 6. gr. laganna, og upplýsingar um hafnir, sbr. 9. gr. laganna.

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar telur:

Í ljósi þeirrar hugmynda sem fram eru komnar og hafa verið undanfarið um að minnka hafnasvæði hafna leggur Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar áherslu á að alls ekki megi skerða núverandi hafnasvæði eins og skilgreining er nú þegar í Hafnarreglugerð fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar og telur raunar brýna þörf á því að stækka það frekar. Ytri mörk Ísafjarðarhafnar sem einnig er sá staður þar sem hafsögumaður fer um borð í skip sem koma til Ísafjarðar er lína dregin frá Skarfaskeri í Arnarnes og telur Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar nauðsynlegt að við því verði ekki hróflað og ytri mörk hafnarinnar miðist við þann stað. Með vaxandi umsvifum á fjörðum í sveitarfélaginu og við hafnir Ísafjarðarbæjar er nauðsynlegt að tryggja siglingaöryggi og siglingarými allra skipa.

Með auknum kröfum um fjölbreytta þjónustu hafna við margvísleg skip og fjölbreyttari atvinnustarfsemi á hafnasvæðum en áður, er höfnum einnig nauðsyn á að fá auknar og skýrari heimildir til gjalddöku fyrir þá þjónustu sem veitt er. Kröfur um þjónustu á og við hafnasvæði munu ætíð beinast að höfnunum, því verður þeim að vera kleift að standa undir þeim kröfum.

Gerðar eru kröfur um að einstakar hafnir eða hafnasamlög séu viðbragðsaðilar til dæmis vegna bráðamengunar vegna starfsemi fiskeldisfyrirtækja og telur hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar nauðsynlegt að með heimildum hafna til frekari gjalddöku af fiskeldisfyrirtækjum til að fjárfesta í nýjum búnaði og viðhalda eldri búnaði til þess að tryggja öryggi samfélagsins og innviðum þess.

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur fram að í fjörðum Ísafjarðarbæjar er umsvifamikið Lax og Regnbogasilungseldi og tekjur hafnarsjóðs og Ísafjarðarbæjar óverulegt miðað við umfangið og þar sem þessi atvinnugrein hefur nú þegar fest sig í sessi er þeim um mikilvægara fyrir Sveitarfélagið að geta haft af því frekari tekjur til að tryggja lögbundna þjónustu sem krafist er.